

## Fundargerð

Fundur var haldinn í Íslenskri málnefnd í fundarsal mennta- og menningarmálaráðuneytisins miðvikudaginn 27. mars 2019 og hófst kl. 15.30. Fundinn sátu Guðrún Kvaran formaður, Ármann Jakobsson varaformaður, Hilmar Hilmarsson, Steinunn Stefánsdóttir, Brynhildur Þórarindóttir, Eiríkur Rögnvaldsson, Haraldur Blöndal, Jóhann R. Kristjánsson, Melkorka Tekla Ólafsdóttir og Þórhildur S. Sigurðardóttir. Ásta Kristín Benediksdóttir boðaði forföll. Bjarki Karlsson, Helga Sigrún Harðardóttir, Iuliana Kalenikova, Sölvi Björn Helgason og Þröstur Helgason voru fjarverandi. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

### 1. Málrættarþing 2019

Rætt var um fyrirhugað málrættarþing sem haldið verður 26. september og undirbúning þess. Efni þingsins tengist áhersluatriði ársins 2019 samkvæmt stefnuskrá Íslenskrar málnefndar 2015–2019, þ.e. að safna upplýsingum um íslensku og málfar á einn stað (<http://islenskan.is/stefnuskra/stefnuskra-islenskrar-malnefndar-2015-2019>). Fyrirlestrarsalurinn í Þjóðminjasafninu hefur þegar verið pantaður fyrir þingið. Mennta- og menningarmálaráðherra mun flytja ávarp og Lars Trap Jensen frá Det Danske Sprog- og Litteraturselskab hefur þegið boð um að halda erindi á þinginu. Rætt var um hverjir aðrir gætu verið fyrirlesarar á málþinginu og nefnt var að mikilvægt væri að fá sjónarmið notenda orðabóka.

### 2. Ályktun um stöðu íslenskrar tungu

Umræður um væntanlega ályktun ÍM 2019. Áfram var rætt um mikilvægi þess að safna upplýsingum um íslensku og málfar á einn stað, sbr. umræður um málrættarþingið. Í þessu sambandi var nefnt að í CLARIN væri stefnt er að því að safna saman ýmsum stafrænum málföngum. Jafnframt var rætt um að í þingsályktunartillögu mennta- og menningarmálaráðherra um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi væri lögð áhersla á mikilvægi þess að tryggja opið aðgengi almennings að upplýsingum og fræðslu um íslenskt mál, svo sem orðabókum og orðasöfnum. Rætt var um að tengja ályktunina um stöðu íslenskrar tungu við efni máltækniályktunar fyrir íslensku fyrir 2018–2022 þar sem áhersla er á að gögn séu opin og aðgengileg. Bent var á mikilvægi þess að tvímála og margmála orðabækur væru einnig í opnum aðgangi og að skortur væri á íslenskum upplýsingasíðum, s.s. á Wikipediu.

### 3. Formennska í norræna málnefndasamstarfinu

Gerð var grein fyrir verkefnum sem fylgja formensku Íslands í norræna málnefndasamstarfinu.

### 4. Önnur mál

Minnt var á málþingið *Áfram íslenska – staða og framtíð íslenskukennslu í skólum landsins* sem fram fer í Hörpu 1. apríl.

Fundi lauk kl. 16.30.

Guðrún Kvaran  
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir  
sign.